

Bárðarbunga

2014-08-20 16:22 UTC
Bárðarbunga update

Byggt á

Jarðskjálftamælingum, GPS, vatnssýnum

Gosmökkur

Hæð

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Stefna

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Litur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Gjóskufall

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Eldingar

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Drunur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Bræðsluvatn

Ekkert eldgos. Daglegar leiðnimælingar í Jökulsá á Fjöllum við Upptyppinga sýna háa leiðni, 200 $\mu\text{S}/\text{cm}$, síðan á sunnudag.

Aðstæður á gosstað

Ekkert eldgos

Órói

Engin merki um eldgosa-óróa

Jarðskjálftar

Jarðskjálftahrinan sem hófst kl. 03:00 þann 16. ágúst stendur enn. Kröftug jarðskjálftavirkni er á svæðinu milli askjanna í Bárðarbungu og í Kverkfjöllum. Virknin heldur áfram að færast í norðaustur en með heldur minni hraða en undanfarna daga. Virknin sem var norðan við öskjuna í Bárðarbungu (á mörkum Dyngjujökuls, austan Kistufells) er hætt. Nokkrir skjálftar hafa mælst í Bárðarbunguöskjunni. Talið er að virknin hafi verið á 5-10 km dýpi hingað til. Engin merki eru um að virknin færist nær yfirborðinu. Tíðnin er enn mjög mikil. Um 4000 skjálftar hafa mælst síðan hrinan hófst á laugardagsmorgun. Um 700 frá hádegi í dag. Virknin gengur í bylgjum sem spannar nokkrar klukkustundir, eykst og dalar á víxl. Síðasti toppur í virkninni hófst um kl. 09:30 í morgun og stendur

enn. Allir skjálftar síðan á mánudag hafa mælst minni en rúmlega 3,0 að stærð.

GPS-aflögun

Frá því að skjálftahrinan hófst aðfaranótt 16. ágúst hafa GPS stöðvar í nágrenni Bárðarbungu sýnt færslur sem gefa til kynna kvikuhreyfingar í jarðskorpunni. Mesta hreyfingin sést á GPS stöð á Dyngjuhálsi, en hún hefur færst um 5,4 cm til norðvesturs á tímabilinu frá því kl. 8 þann 15. ágúst til kl. 16 þann 18. ágúst. Á þessu tímabili hefur GPS stöð á Grímsfjalli færst um 1,8 cm til suðurs. Líkanreikningar gefa til kynna að þessar hreyfingar stafi að mestu vegna gangainnskots austan við Bárðarbungu.

Heildarmat

Engin merki eru um að kvikan sé að færa sig nær yfirborðinu og engin merki eru um eldgosavirkni. Ekki er hægt að útiloka að þessi virkni geti leitt til sprengigoss sem myndi valda jökulhlaupi og losun ösku út í andrúmsloftið.